

Sendur í sveit

Jónína Einarsdóttir, prófessor við Félags- og mannvísindadeild HÍ

Útdráttur

Rannsóknir á búferlaflutningi barna til lengri eða skemmri tíma án samfylgdar foreldris eða löggilds forráðamanns beinast oftast að börnum sem flytja úr einum stað í annan innan eða milli lágtekjulanda. Slíkur flutningur er oft bendlaður við mansal. Hér er skoðaður siðurinn að senda íslensk börn í sveit þar sem þau dvöldu að sumri til hjá venslafólki eða vandalausum. Byggt er á fyrirliggjandi rituðum heimildum, s.s. dagblöðum, tímaritum, skjölum og skýrslum barnaverndaryfirvalda. Það var viðtekin skoðun að sveitavist barna fylgdi ávinningur fyrir samfélagið, fjölskylduna og barnið sem myndi njóta óspilltrar náttúru landsins, hreins fjallalofts, kjarnmikillar fæðu, samveru við dýrin, sveitamenningarinnar auk möguleikans að læra til vinnu og að vera matvinnungur. Einstaklingar, félagasamtök, góðgerðarstofnanir og barnaverndaryfirvöld sameinuðust um að koma sem flestum börnum í sveitavist, ýmist á sveitabæjum eða sumarvalarheimilum. Vistin var talin sérlega mikilvæg fyrir afbrotabörn og börn sem bjuggu m.a. við fátækt, óreglu, lauslæti og veikindi. Heimildir benda til að mestan hluta 20. aldar hafi verið meira framboð af börnum sem vantaði sveitavist en sveitaheimilum sem vildu taka við þeim. Takmarkaðar upplýsingar liggja fyrir um fjölda barnanna og reynslu þeirra en ljóst er að þau voru mörg og reynslan breytileg. Einnig er lítið vitað um reynslu annarra af siðnum, t.d. sveitafólksins og foreldranna. Siðurinn að senda börn í sveit, sérstaklega þegar ekki er um barnaverndarúrræði að ræða, fellur undir hugtakið flutningur barns án samfylgdar foreldris eða löggilds forráðamanns. Varast ber að líta á slíkan sið sjálfkrafa sem mansal barna og sama gildir um hliðstæðar uppeldisvenjur sem tíðkast annars staðar.

Efnisorð: Sveitadvöl, þéttbýli, börn.

Seasonal rural residence of Icelandic children

Abstract

Research that focuses on children who migrate without a parent or legal guardian is most often carried out in low-income countries. Such migration is increasingly associated with child trafficking. In this article, the Icelandic custom to send children to the country during the summer months in the last

century will be examined. It is based on secondary documents such as journals, magazines, documents and reports from child protection authorities. The Icelandic population shared the opinion that seasonal rural residence for urban children was beneficial for the nation, the family and the child. In the country, the children would enjoy unspoiled nature, clean mountain air and nutritious food. In addition, they would learn to attend animals and proper work. Individuals, associations, charities and child protection authorities collaborated in an effort to organise rural residence for children during the summer months, either at farms or particular summer camps. Rural residence was considered to be particularly important for delinquent children, but also those who suffered from poverty, irresponsible parental behaviour and poor health. Data is lacking on the number of children sent to the country and their experiences however it is known to have varied greatly. Likewise, little is known about the considerations of the farmers who hosted the children and the children's parents. This custom is typically per definition child migration without a parent or legal guardian. Care should be taken not to classify such customs routinely as child trafficking wherever they are practiced.

Keywords: Seasonal rural residence, urban areas, children.

Inngangur

Rannsóknir sýna að ástæða þess að börn, þ.e. einstaklingar sem eru yngri en 18 ára, flytja frá einum stað á annan án samfylgdar foreldris eða löggilds forráðamanns er oftast von um ávinning fyrir þau eða fjölskyldu þeirra. Í flutningnum getur t.d. falist von um betri fjárhagslega stöðu barnanna eða fjölskyldnanna til lengri eða skemmri tíma vegna möguleika á auknum tekjum, menntun eða þjálfun barnanna (Huijsmans 2011; Howard 2011). Ný jákvæð reynsla fyrir börnin og sterkari fjölskyldu- eða vinabönd geta einnig verið ástæða slíks flutnings. Flutningur barna án samfylgdar foreldris eða forráðamanns er því talinn eftirsóknarverður í sumum samfélögum og þá sérstaklega fyrir börn sem búa við fátækt eða erfiðar aðstæður. Það er t.d. vel þekktur siður víða um heim að senda börn tímabundið í fóstur þegar erfiðleikar stöðja að (Alber 2003, 2004; Bledsoe og Isiugo-Abanihe 1989; Goody 1982; Verhoef 2005). Eins ráða fátæk börn sig gjarnan í vinnu við heimilisstörf, verslun eða árstíðabundin landbúnaðarstörf eða að þau afla sér viðurværis með betli (Abebe 2009; Bourdillon o. fl. 2010; Swanson 2010).

Ríkjandi hnattræn orðræða um réttindi barna gerir flutning þeirra án samfylgdar foreldris eða löggilds forráðamanns tortryggilegan. Lögð er áhersla á mikilvægi þess að börn haldi sig heima við undir verndarvæng fjölskyldunnar, enda fylgi flutningi hætta á arðráni og illri meðferð barna (Ennew 2002; Huijsmans 2011). Slíkur flutningur er því oft flokkaður sem mansal og þar með eru tiltekin samfélög bendluð við alþjóðlegan glæp (Dottridge 2008; Einarsdóttir o. fl. 2010; Hashim, 2006; Hashim og Thorsen 2011; Howard 2011). Ástæður þessa hafa verið raktar til þess að hugtakið mansal sé illa skilgreint (Gozdziak 2010; Loff og Sanghera 2004; Schober 2007). Í mansali fullorðinna felst tiltekinn verknaður, aðferð og tilgangur en aðeins þarf að tilgreina verknað og tilgang til að staðfesta mansal barna (UN 2000). Verknáðurinn felur

Í sér að fórnarlamb mansals er fengið til þátttöku, það er flutt, framselt, hýst eða móttakið á einhvern hátt. Þetta er gert með hótun, ofbeldi, þvingun, blekkingum, svikum eða greiðslu í þeim tilgangi að hagnast með því að arðræna fórnarlambið, t.d. með vændi, nauðungarvinnu eða einhvers konar þrælkun. Það er m.a. ágreiningur um hvað telja beri sem nægjanlega alvarlegt arðrán til að það feli í sér mansal og hvort flutningur fórnarlambis sé forsenda mansals. Samkvæmt skýrslu UNICEF Innocenti Research Centre (2011) er t.d. fagfólk sem vinnur með mansal barna á Norðurlöndum ekki sammála um síðara atriðið. Bent er á að sé horft framhjá flutningi fórnarlambis sem forsendu mansals feli það í sér hættuna á að ill meðferð á börnum verði lögð að jöfnu við mansal.

Flestar rannsóknir á flutningi barna án samfylgdar foreldris eða löggilds forráðamanns beinast að börnum frá lágtækjulöndum sem flytja úr einum stað í annan innan eða milli landa (Huijsmans 2011; Yaqub 2009). Í Afríku eru t.d. tilteknar uppeldisvenjur sem fela í sér flutning barna án meðfylgdar foreldris eða löggilts forráðmanns í auknum mæli flokkaðar sem mansal með tilheyrandi ágreiningi og skorti á trausti milli félagasamtaka sem vinna að réttindum barna og viðkomandi samfélaga (Einarsdóttir o.fl. 2010; Hashim, 2006; Hashim og Thorsen 2011). Þessar uppeldisvenjur eru oft hliðstæðar hinum íslenska síð að senda börn í sveit, en sá síður er viðfangsefni þessarar greinar. Í þessum síð fólst að þéttbýlisbörn dvöldu að sumri til hjá venslafólki eða vandalausum á sveitabæjum eða á sumardvalarheimilum. Saga síðsins verður skoðuð sem og aðkoma almennra borgara, félagasamtaka og yfirvalda að honum. Byggt er á fyrirliggjandi rituðum heimildum, s.s. dagblöðum, tímaritum og skýrslum barnaverndaryfirvalda.¹

1. Myndun þéttbýlis: Börnin og bæjarsollurinn

Ætla má að börn hafi verið send úr þéttbýli í sveit frá upphafi þéttbýlismyndunar á 18. öld. Reykjavík, Ísafjörður, Grundarfjörður, Akureyri, Seyðisfjörður og Vestmannaeyjar fengu kaupstaðarréttindi árið 1786 en þá voru skráðir íbúar í Reykjavík samtals 167 (Guðjón Friðriksson 1991). Tæplega hundrað árum seinna voru níu af hverjum tíu reykvískum börnum undir tíu ára aldri fædd í bænum sem er vísbending um að þá hafi fáar nýlega innfluttar fjölskyldur verið þar. Ákvæði í lögum um vistarskyldu og skipulag fátækramála komu í veg fyrir að fólk flytti í þéttbýli og voru Ameríkufærðir jafnvel auðsöttari kostur fyrir þá sem vildu freista gæfunnar með búferlaflutningum. Vegna þess að þörf var á vinnukonum reyndist auðveldara fyrir ekkjur og fráskildar konur að fá bæjarleyfi en karla. Konur urðu því fljótlega meirihluti íbúa Reykjavíkur og var hlutfall einhleypra kvenna þar hærra en annars staðar á landinu. Þó að yfirvöld Reykjavíkur hafi stundum sýnt aðkomufólki hörku og sent suma miskunnarlaust í fæðingarsveit sína, var meðferð fátæktarmála mannúðlegri í Reykjavík en tíðkaðist annars staðar (Guðjón Friðriksson 1991, 77).²

Á síðasta áratug 19. aldar varð veruleg aukning á íbúafjölda Reykjavíkur, sérstaklega eftir að vistarskyldan var afnumin árið 1894 (Guðjón Friðriksson 1991). Auknu þéttbýli fylgdu vandamál. Húsdýrum fjölgaði með vaxandi fjölda íbúa, mykjuhaugarnir hrúguðust upp og þegar sláturtíð gekk í garð var bærinn blóði drifinn. Reykjavík varð afæta sveitanna í hugum margra. Óspillt náttúra sveitanna var rómuð en þar var vagga

íslenskrar menningar. Sveitalífinu var lýst í andstöðu við bæjarlífð sem þótti óþjóðlegt og spillandi, ekki síst fyrir börnin. Var því haldið fram að þar yxi upp ódugandi og iðjulaus skrill sem ekkert kynni til verka. Í greininni *Göngulýðurinn og mæðurnar* amast t.d. höfundur sem kallar sig X yfir krakkalýðnum sem þvælist um götur bæjarins:

Og hvað hefst þá þessi lýður að? Fljúgast á, henda grjóti hvort í annað í bræði sinni, grýta glugga, æfa sig í því versta orðbragði, skammast, færa að og hrekja ferðamenn, stela hestum, þegar því verður viðkomið, kvelja smáfugla og kvikindi og yfir höfuð aðhafast einungis það sem börn eiga ekki að gjöra. Og þessi iðja er rækt svo kappsamlega, að ekki er umtalsmál, að unglingar þessir hafi tíma til að borða (X 1892, 13).³

X telur að mæður hafi ekki sinnt uppeldi barna sinna sem skyldi og eftirláti þær vinnukonum verkið með ófullnægjandi árangri. Það eru þó til „bæjarmenn” sem átti sig á vandanum og komi börnum sínum í sveit á sumrin „til þess að læra hina almennu reglusemi og starfsemi, sem þar er kunn” (X 1892, 13). Það er þó mörgum sem þyki sveitalífið ekki nægjanlega „fínt” og velja að setja syni sína í búðir en þar læri þeir „drykkjuskap og aðra óreglu” (X 1892, 13). Stúlkur eru hins vegar ekki sendar í sveit „sem telja má mikinn skaða, bæði fyrir andlega og líkamlega framför þeirra” (X 1892, 14). Skömmu seinna svarar Kona í Rvík. skrifum X með pistlinum *Mæður og uppeldi*. Hún telur alla vera sammála um að of mörg börn dvelji iðjulaus á götum bæjarins. Margir vilji senda börn sín í sveit en þar sem „enn færri eru svo kunnugir að góðum sveitaheimilum, að þeir geti komið þeim þangað, nema ef vera skyldi of langt og með miklum kostnaði” (X 1892, 59). Hún bendir á að sveitafólk hafi nóg fyrir stafni þó það bæti ekki við börnum sem þurfi eftirlit, en „séu börnin ekki fær um að smala ein, tekur enginn óviðkomandi þau meðgjafarlaust. ... Þetta mun fremur vera ástæðan til að fátækum börnum er ekki komið í sveit á sumrin, en að það þyki ekki nógu „fínt” (Kona úr Rvík. 1892, 60).

Á síðasta áratug 19. aldar og við upphaf 20. aldar höfðu íbúar Reykjavíkur nokkrar áhyggjur af framtíð bæjarbarna sem mörg hver bjuggu við mikla fátækt. Betur settir borgarar bæjarins tóku til að stofna góðgerðarfélag sem efndu til safnana, oft með hlutaveltum og bösurum. Reynt var að létta fátækum byrðina og beindist aðstoðin gjarnan að börnunum og var ósjaldan veitt í tilefni jólananna (Guðjón Friðriksson 1994). Það þótti ekki gott að ala æskuna upp í „borgarsollinum” svokallaða. Snemma árs 1903 birtist grein í Fjallkonunni sem ber heitið *Sumarvistir Reykjavíkurbarna í sveit*. Þar kemur fram að málfundafélag í bænum hafi um veturinn vakið máls á mikilvægi þess að börn bæjarins kæmust í auknum mæli í sveit yfir sumartímann. Þykir slík vist „einkar holl bæði fyrir sál og líkama” og því hefði hún „mikla þýðingu fyrir börnin og þá um leið fyrir framtíðarheill bæjarins” (Fjallkonan 1903, 17). Lögð er áhersla á að sveitadvöl myndi einnig bæta samskipti íbúa sveitanna og borgarinnar. Kosin var nefnd í málið sem lagði til að fundin yrðu heimili, helst í nærsveitum Reykjavíkur, sem myndu vilja taka að sér 8-11 ára gömul börn úr Reykjavík yfir sumartímann. Yrði dvölin „annað hvort ókeypis eða fyrir væga meðgjöf” eða að „heimili í Reykjavík tækju aftur börn frá

sveitaheimilunum, hæfilegan tíma og þeim hentugan, og á hentugum aldri” (Fjallkonan 1903, 17). Skyldi safna fé, með frjálsum framlögum, auk væntanlegrar fjárveitingar úr bæjarsjóði, til að greiða fyrir sumardvöl fátækra barna.

Fram kemur í ofanefndri grein að þrátt fyrir að börn ríkra og fátækra lifðu við mismunandi kjör, þá sé þeim flestum það sameiginlegt að alast að mestu „upp á sömu uppeldisstofnuninni, sem sé á götunni” (Fjallkonan 1903, 17). Ljóst sé að „þetta sífelda götulíf barnanna er ilt og síðspillandi að mörgu leyti” og að við þessar aðstæður bætist svo „fátækt og basl, skortur á góðu viðurværi, klæðleysi og ónóg þjónusta, léttúð og gjálfi” (Fjallkonan 1903, 17). Í sveitinni fái börnin hins vegar

betra og heilnæmara loft; þau fá mjólkina, holla og nærandi fæðu, sem þau varla smakka að öðrum kosti. Þau fá heilnæma hreifingu í góðu lofti. Þau auðgast að hugmyndum og kynnast mörgu, sem þau annars hafa ekki af að segja; þau læra mörg handtök, sem koma þeim seinna að gagni. Þau kynnast alvarlegri, kyrrlátari og að ýmsu leyti betri hlið á lífinu en þau eiga kost á í Reykjavík (Fjallkonan 1903, 17).

Bent er á að fjölmargir foreldrar sendi börn sín í sveit yfir sumartímann en að allir hafi því miður ekki tók á slíku. Sumir þekki ekki til sveitaheimila sem geti tekið við barninu og aðra skorti til þess fjármagn. Lögð er áhersla á að ætlunin sé á engan hátt að íþyngja sveitafólki, enda sé þeim í hag að fá „ungling” á heimilið til að létta þeim störf. Geti börnin ekki unnið fyrir sér þurfi hins vegar að greiða fyrir vistina af sanngirni. Ísafold (1903) fjallar einnig um fund Málfundafélagsins í pistlinum *Sumarvistir kaupstaðarbarna í sveit* en í honum kemur fram að félagið sé skipað „eingöngu kosningarbærum borgurum bæjarins, hátt að annað hundrad” og að það muni veita fátækum börnum færi á að skipta á „miður heilnæmu kaupstaðarlofti og misjafnlega hollu borgarlífi fyrir hressandi og fjörgandi sveitaloft og sveitaviðurværi og því samfara andlega og síðferðislega endurnæringu, sem kostur er á af góðum sveitaheimilum” (Ísafold 1903, 25).

Upplýsingar skortir um umfang sumardvalar barna á fyrri hluta 20. aldar. Í Ljósberanum (1923), smáriti barnanna, er ávarp með heitinu *Dreifingin* sem gefur vísendingu um að það voru mörg börn sem fóru í sveit að sumri til, en þó engan veginn öll. Ávarpið endurspeglar áðurnefndar hugmyndir um hreint loft og óspillta nattúru sveitarinnar en það hefst svo:

Kæru börn! Nú er sumar-dreifingin að byrja. Mörg ykkar fara í sveit, til að njóta hreina loftsins og blómaylmsins, og sjá dálítið af fegurð landsins ykkar kæra. En hve þið megið vera glöð yfir því! Önnur verða eftir í bænum. Þau reyna að hjálpa til heima fyrir með því að vera viljug að hlaupa sendiferðir og gera ýmsa snúninga. Þá fá þau kanske að fara einn góðan veðurdag út fyrir bæinn – upp í holt og grænar hlíðar, og tína ber og blóm. En hve það verður gaman! (Ljósberinn 1923, 145).

Ætla má af ofangreindu að allt frá seinni hluta 19. aldar hafi verið meira framboð af börnum sem æskilegt þótti að senda í sveit en sveitaheimilum sem tóku á móti þeim. Þó eru einstaka auglýsingar í blöðum þar sem óskað er eftir börnum í sveit. Vorið 1924 eru t.d. þrjár auglýsingar í Morgunblaðinu (1924a, 4, 1924b, 4, 1924c, 4) þar sem óskað er eftir börnum í sveit í Hornafirði og Örafum.

2. Sveitadvöl sem úrræði

Fyrir og eftir aldamótin 1900 voru málefni æskunnar tíðrædd og létu einstaklingar og félagasamtök sig málefni hennar varða með ýmsum hætti. Félögin Kristilegt félag ungra manna (KFUM) og Kristilegt félag ungra kvenna (KFUK) voru stofnuð árið 1899 (Ísafold 1899, 305-306). Góðgerðarfélög voru stofnuð, t.d. Thorvaldsensfélagið árið 1875, St. Jósefssystur á Íslandi árið 1896, Hringurinn árið 1904, Barnavinafélagið Sumargjöf árið 1924, Rauði kross Íslands (RKI) árið 1924 og Sólheimar í Grímsnesi árið 1930 en öll unnu þau að málefnum barna á ein eða annan hátt (Ómar H. Kristmundsson og Steinunn Hrafnadóttir 2011). Undir stjórn Ragnheiðar Hafstein ráðherra-frúar var safnað fé til reksturs barnahælisins Karitas, en það var opnað 1906 sem dagvist fyrir 3-18 mánaða gömul börn fátækra mæðra (Austri 1906, 10). Sigurbjörg Þorláksdóttir rak heimili þar sem reykvisk börn voru í dagvist í Öskjuhlíðinni yfir sumartímamann árin 1910-1913 (Minjasafn Reykjavíkur 2008). Oddfellowreglan, sem stofnuð var 1897, rak fyrsta heimilið á Íslandi þar sem börn dvöldu sumarlangt frá árinu 1918, en þá tók reglan skólahúsnæði á Brennistöðum í Borgarhreppi til leigu fyrir „veikluð“ börn (Símon Jóh. Ágústsson 1942). Reglan lét byggja sumardvalarheimili að Silungapólli árið 1930 en þar dvöldu hverju sinni þau 70 börn sem voru hvað mest vannærð. Reykjavík greiddi meðlag með börnum sem dvöldu á Silungapólli á vegum borgarinnar en reglan greiddi kostnað við önnur börn, þ.m.t. reglulegar læknisskoðanir.

Raddir um mikilvægi þess að ríkisvaldið kæmi á fót skipulegu barnaverndarstarfi urðu allt háværi. Árið 1932 voru fyrstu barnaverndarlögin sett á Íslandi og voru þau að norrænni fyrirmynd (Anni Haugen 2004; Bragi Guðbrandsson 2008). Samkvæmt lögnum var Barnaverndarráð Íslands stofnað og skyldi það hafa yfirumsjón og eftirlit með starfi barnaverndarnefnda sem stofna skyldi í sveitarfélögum landsins. Nefndirnar áttu að annast eftirlit með stofnunum sem vistuðu börn í umdæmi þeirra og höfðu heimild til að taka börn af stofnunum væru þau vanhirt og banna frekari vistun. Mögulegt var að áfrýja slíkri ákvörðun til Barnaverndarráðs en ráðið hafði eftirlitsskyldu með öllum barnahælum landsins og skyldi heimsækja þau a.m.k. tvisvar á ári hverju. Bragi Guðbrandsson bendir á að í lögnum „er ekki að finna ákvæði sem beinlínis skylda eða heimila barnaverndaryfirvöldum að starfrækja stofnanir fyrir börn“ (2008, 176). Barnaverndarráð hélt eftirlitshlutverki sínu til 1995 en þá tók Barnaverndarstofa það yfir.

Samkvæmt Símoni Jóh. Ágústssyni (1942) var barnavernd tvíþætt. Í henni fólst annars vegar afskipti af börnum sem bjuggu við óviðunandi aðstæður og hins vegar uppeldis- og líknarstarf yfirvalda og annarra aðila til verndar börnum. Sveitadvöl barna, ýmist á sveitaheimilum eða sumardvalarheimilum, féll undir hið síðarnefnda. Í fyrstu skýrslu Barnaverndarráðs (1936), sem nær yfir tímabilið 1. júlí 1932 til 31. desember 1935, er

fjallað um félagasamtök sem styrkja sumardvalir barna og þess getið að þeim hafi fjölgað ört. Sumarheimili var opnað í Öxarfirði árið 1934 en kvenfélagið Hlíf á Akureyri borgaði fyrir flest börnin sem dvöldu þar (Símon Jóh. Ágústsson 1942). Kvenfélög í Reykjavík hófu einnig rekstur sumarheimilisins Vorboða árið 1935 að Brautarholti í Skeiðum og Flúðum í Hrunamannahreppi en þar dvöldu 5-8 ára gömul börn frá fátækum heimilum. Valgerður Gísladóttir rak sumarheimili að Svanastöðum í Mosfellssveit þar sem 10-15 börn á aldrinum 4-12 ára dvöldu (Barnaverndarráð 1941). Skipulagðar voru safnanir til að greiða kostnað vegna sumardvalanna. Vísir auglýsti t.d. hlutaveltu í KR-húsinu vorið 1937 en ágóði hennar skyldi renna til heimilisins Vorboða. Níu konur stóðu að söfnuninni og segir í auglýsingunni að „þess [sé] að vænta, að aðsókn verði hin besta, svo að unnt verði að koma sem flestum börnum upp í sveit í sumar” (Vísir 1937, 3).

Enn sem áður er skortur á sumardvalarstöðum fyrir börn. Á árinu 1939 komst á samstarf RKÍ og Barnaverndarráðs um að opna miðstöð sem skyldi afla upplýsinga um sumardvalarstaði fyrir heilbrigð börn (Rauði kross Íslands 1939). Auglýst var eftir sveitaheimilum í útvarpi og blöðum en lítið var um svör. Arngrímur Kristjánsson rómur sveitadvöl bæjarbarna í greininni *Fleiri börn í sveit að sumarlagi* sem birtist í Foreldrablaðinu og telur hana vera grundvöll „í hollu og lífrænu þjóðaruppeldi” (1939, 20). Hann telur að þeim fari fækkandi sem njóti þessarar gæða en „eftir því sem athuganir benda til, þá mun 40-50% barna hafa dvalizt í sveit að sumarlagi undanfarin sumur” (1939, 20). Vandinn sé að ný kynslóð vaxi úr grasi sem eigi ekki attingja í sveit og því þurfi miðstöð sem aðstoði við að finna sveitaheimili. Hann telur barnaverndarnefndir vel til þess fallnar að sinna því hlutverki sem og að hafa eftirlit með heimilunum og heilsu barnanna. Síðari heimsstyrjöldin hafði brotist út skömmu áður en Arngrímur Kristjánsson skrifaði greinina, eða þann 1. september 1939, en hún átti eftir að hafa mikil áhrif á sumardvalir þéttbýlisbarna í sveit og hann fékk þar mikilvægt hlutverk.

3. Hernám Íslands: Björgum börnunum

Eftir að seinni heimsstyrjöldin braust út fjölluðu íslensk dagblöð gjarnan um stöðu mála í nágrannalöndunum. Í frétt í *Alþýðublaðinu* þann 30. desember 1939 er t.d. upplýst að Finnlandssöfnunin gangi vel og að miklum hluta söfnunarfjárins verði varið til kaupa á þrjónlesi og dúkum sem verði sent til Finnlands (*Alþýðublaðið* 1939). Einnig hafi mikið safnast af „skartgripum, svo sem silfur- og gullhólkum og hringum” sem verði selt. Þá hafi margir boðist til að taka finnsk börn í fóstur. Stríðið átti eftir að hafa nokkur áhrif á líf íslenskra barna skömmu síðar, það er eftir að Bretar hernámu landið 10. maí 1940. Í grein í *Alþýðublaðinu* (1940, 3) segir að stærstu skólar Reykjavíkur, Míðbæjarskólinn og Austurbæjarskólinn, verði íverustaðir hermanna og var því tekin ákvörðun um að hætta þar kennslu yfir 2000 barna, sem flest voru á aldrinum 7-10 ára. Skólastjóri Austurbæjarskóla taldi ekki samræmanlegt að hafa hermenn „með sífellda flutninga, bifreiðar, byssur og önnur vopn” á sveimi þar sem börn væru við nám. Því skyldi reynt að koma þeim fyrir í sveit. Kom fram í greininni að best væri að senda öll börn í sveit en hvort það tækist ylti á „hjálpfýsi bændu út um allar sveitir landsins” en bent var á að „víða erlendis hafa stjórnarvöldin skyldað heimili utan borganna að taka börn til dvalar á hettutímum” (1940, 3).

Barnaverndarráð (1943) kallaði í hasti saman fund þann 29. maí 1940 með RKÍ og öðrum aðilum sem létu sig varða velferðarmál barna. Ákveðið var að koma sem flestum börnum í sveit til að forða þeim frá hugsanlegum loftárásum. Skipuð var nefnd sem skyldi hefja fjáröflun meðal almennings og yfirvalda til að styðja við rekstur sumardvalarheimila. Reynt yrði að koma af stað fleiri sumardvalarheimilum til bráða-birgða og skipulögð yrði milliganga um að koma börnum á venjuleg sveitaheimili. Seint í júní og í byrjun júlí fór hópur barna, samtals 358, á sumardvalarheimilin og dvöldu börnin þar í 2 mánuði. Samtals 235 börn fóru á sveitaheimili á vegum nefndarinnar en þau dvöldu lengur en börnin sem send voru á sumardvalarheimilin. Margir foreldrar sem sjálfir komu börnum sínum fyrir í sveit fengu styrki til fatakaupa og greiðslu ferðakostnaðar. Í ársskýrslu Barnaverndarráðs (1943) er lögð áhersla á að vel hafi verið fylgst með börnunum á sumardvalarheimilunum og að þau hafi þyngst að meðaltali 1,38 kg meðan á dvölinni stóð.

Verkamaðurinn (1940) fjallaði um sveitadvalir barna sumarið 1940 í grein sem ber heitið *Fleiri börn í sveit*. Bent er á að vegna hernáms Breta væri þörfin á að koma börnum í sveit meiri en áður. Tæpu ári síðar tekur Verkamaðurinn mun fastar til orða í pistlinum *Öll börn í sveit sem allra fyrst*. Blaðið lofar Verkakvennafélagið Einingu og kvenfélagið Hlíf sem vinni frá „heilbrigðislegu og uppeldislegu sjónarmiði“ við að koma börnum sem minna mega sín „úr göturykinu og bæjarsollinum út í hina lifandi náttúru í heilnæmara og rólegra umhverfi“ (Verkamaðurinn 1941, 3). Nú þurfi enn öflugra átak því að „til viðbótar við hið venjulega göturyk og bæjarys höfum við fengið bæinn fullan af erlendu herliði, og landið okkar er orðið hernaðarlegt hættusvæði, þannig að búast má við morðárás á bæi og iðnaðarstöðvar, hvenær sem vera skal“ (Verkamaðurinn 1941, 3). Því þurfi að koma öllum börnum „út í hinar strjálbyggðu sveitir – og það sem allra fyrst – blátt áfram til öryggis lífi þeirra og limum“ og það sé ekki einkamál hvers og eins „heldur þjóðfélagsleg nauðsyn“ (Verkamaðurinn 1941, 3). Krafan var því að ríki og bær myndu leggja fram viðbótarfé til móts við einkaaðila.

Snemma vors 1941 hafði Loftvarnanefnd og Öryggismálanefnd falið Barnaverndarráði Íslands og RKÍ að undirbúa brottför barna úr borginni komandi sumar (Barnaverndarráð Íslands 1943). Um sumarið voru fleiri börn send á vegum barnaverndaryfirvalda í sveit en nokkru sinni áður. Samtals 1474 börn voru send á sumardvalarheimili eða sveitabæi og að auki voru rúmlega 1000 börn styrkt til sveitadvalar. Vegna kvartana frá sumrinu áður um að „óþrif og kláði“ hafi borist með sumum barnanna eftir sumardvölinu var gerð læknisskoðun á þeim. Reyndist sumum barnaheimilum „argsamara en frá verði sagt“ að halda þrifunum í lagi og var mikið kvartað yfir því að börnin kæmu „heim með nit eða kláða“ (Barnaverndarráð Íslands 1943, 36). Þyngdaraukning barnanna var talin góð eða á bilinu 2,0–2,4 kg eftir aldurshópum.

Undirbúningur að sumardvöl barna fyrir sumarið 1942 hófst í febrúar og var ákveðið að sk. sumardvalarnefnd skyldi annast framkvæmdina (Barnaverndarráð Íslands 1943). Arngrímur Kristjánsson sat í nefndinni og sagði hann í viðtali við Alþýðublaðið þann 25. apríl 1942 að þau börn sem búi við verstu aðstæðurnar skuli hafa forgang um að komast í sumardvöl, en svo hafi ekki verið. Arngrímur Kristjánsson fullyrðir að þeir sem unnið hafi að skipulagi sumardvala barna eigi þó ekki sök á að

verst stöddu börnin hafi orðið útundan, heldur komi til „hræðsla aðstandenda þessara barna um að þeir verði krafðir um hátt gjald fyrir börnin og ennfremur, sem er þó aðalástæðan – sinnuleysi þeirra um þessi mál” (Alþýðublaðið 1942, 2). Sumarið 1942 voru starfrækt 10 sumardvalarheimili fyrir samtals 521 barn og fjöldi sveita- og mæðraheimila tóku að sér 418 börn. Þrátt fyrir kíghóstafaraldur heilsaðist börnunum að mestu vel og ekki var kvartað undan óþrifum barna að þessu sinni. Sumardvalar-nefndin hélt áfram störfum sínum við að koma reykvískum börnum í sveit á sumrin næstu árin. Skipulag sumardvala barna í Hafnarfirði, Akranesi og Akureyri var hliðstætt því reykvíska (Barnaverndarráð Íslands 1943). Börnum í sveitavist fækkaði aðeins ár frá ári, en 323 börn dvöldu á sumardvalarheimilum á vegum sumardvalarnefndar Reykjavíkur sumarið 1945 (Barnaverndarráð Íslands 1947).

4. Sveitadvöl fyrir æsku á glapstigum

Eins og áður segir var það viðtekin skoðun að sveitavist, árstíðabundin eða vist til lengri tíma eftir aðstæðum, væri til góðs fyrir börn sem lentu á glapstigum eða gerðust brotleg. Það varð mörgum áhyggjuefni að konur og ungar stúlkur ættu í of nánu sambandi við hina erlendu hermenn eða lentu í ástandinu svokallaða (Bjarni Guðmarsson og Hrafn Jökulsson 1989; Helgi Skúli Kjartansson 2002). Þann 11. júlí 1941 ritaði Vilmundur Jónsson landlæknir bréf til dómsmálaráðuneytisins með titlinum *Um saurlífnað í Reykjavík og stúlkubörn á glapstigum* þar sem hann formælir „skækjulífnað” íslenskra kvenna (Bjarni Guðmarsson og Hrafn Jökulsson, 1989). Enn verri þótti landlækni ólífnaður stúlkna á aldrinum 12-16 ára og jafnvel yngri telpna. Hann leggur til að lögreglan athugi hvort ekki væru til lagaheimilir sem leyfðu að konum „sem hafi skækjulífnað að atvinnu” yrði komið fyrir „á vinnuhæli á afskekktum stað” þar sem þær myndu læra betri sið (1989, 161). Landlæknir lagði einnig til að barnaverndarnefnd hlutaðist til um að allar stúlkur 12-16 ára, en a.m.k. stúlkubörn á glapstigum, yrðu sendar úr bænum og komið fyrir á stofnunum, t.d. í héraðsskólum.

Svar ríkisstjórnarinnar við bréfi landlæknis var að skipa sk. Ástandsnefnd. Skýrsla nefndarinnar, sem kom út seint að sumri 1941, staðhæfði að um 500 ástandskonur á aldrinum 12-61 ára væru á lista lögreglunnar, en 150 af þeim væru 17 ára og yngri. Lögreglustjórnin taldi þó að vegna skorts á upplýsingum mætti margfalda þessar tölur með fimm (Bjarni Guðmarsson og Hrafn Jökulsson 1989). Í kjölfar skýrslunnar voru sett bráðabirgðalög nr. 122/1941 um eftirlit með ungmennum o.fl., en þau voru síðar staðfest með lögum nr. 62/1942 (Forsætisráðuneytið 2008, 33; Bragi Guðbrandsson 2008). Ríkisvaldið fékk með lögnum heimild til reka stofnanir fyrir börn og unglinga yngri en 18 ára vegna óæskilegrar hegðunar þeirra. Í samræmi við þessi lög skyldi ríkið annast vistun barns ef ástæða hennar var hegðun barnsins en sveitarfélögin báru ábyrgð á vistun barns þegar barnið bjó við óviðunandi heimilisáðstæður. Í kjölfar laganna var opnað „heimili fyrir lauslátar telpur” að Kleppjárnsreykjum á vegum ríkisins seint á árinu 1942 en þar dvöldu mest 10-12 stúlkur (Barnaverndarráð Íslands 1947, 34). Húsnaðið þótti ekki gott og staðurinn „óheppilega í sveit settur, við þjóðbraut” og var starfinu hætt í lok árs 1943.

Á eftirstriðsárunum var ásetningur barnaverndaryfirvalda sem fyrr að beita sveitadvöl til lengri eða skemmi tíma sem úrræði fyrir börn og unglinga á glapstigum. Um miðja

öldina gerði Barnaverndarráð að mestu misheppnaðar tilraunir til að senda afbrotabörn í sveit (Barnaverndarráð 1953). Vandinn var annars vegar að unglíngarnir struku úr sveitinni og hins vegar að það voru fá sveitahéimili sem vildu taka við þeim. Auk þess neituðu foreldrar unglínganna stundum að láta þá frá sér. Á árinu 1950 hafði barnaverndarnefnd Reykjavíkur t.d. afskipti af sex lauslátum stúlkum en mun fleiri hefðu þurft aðstoð, eða 15-20 stúlkur. Ári seinna voru stúlkur sem nefndin hafði afskipti af alls 27 og enn fleiri hefðu þurft aðstoð. Seta erlends hers var talin aðalástæðan fyrir auknu lauslæti stúlkanna. Sérstaklega erfitt reyndist að koma lauslátum stúlkum í sveit enda vildu sveitahéimilin ekki taka við þeim og skortur var á dvalarheimilum eða skólum þar sem þær gætu verið. Með lögum um vernd barna og ungmenna nr. 29/1947 varð það skylda ríkisvaldsins að reka viðeigandi stofnun fyrir börn og ungmenni sem höfðu gerst brotleg. Ríkisvaldið lét þó vera að uppfylla þessa lagalega skyldu sína fyrir stúlkur á glapstígum þar til að Bjarg var opnað 1965 en hliðstætt heimili fyrir drengi hafði verið opnað í Breiðuvík árið 1952 (Bragi Guðbrandsson 2008).

5. Eftirstríðsárin: Sumardvalarheimili í sókn

Við lok seinni heimstyrjaldarinnar gerði Kristinn Gíslason (1945) sumardvöl reykvískra barna á vegum sumardvalarnefndarinnar að umfjöllunarefni sínu. Hersetan og stríðið hafði verið meginástæða starfseminnar en það væri vert að huga að öðrum jákvæðum hliðum þess að senda börn í sveit en vernd gegn loftárásum. Kristinn Gíslason rifjaði upp fyrri áherslu á mikilvægi sveitadvalar fyrir börn sem áttu t.d. við heilsufarsvanda að stríða. Dvölin í sveitinni hafði fært þeim reglubundið líf, holla fæðu og þá hafi „hlutur hins heilnæma lofts eflaust ekki verið léttvægast á metunum” (1945, 10). Vissulega hefðu flest börnin sem send voru í sveit á vegum sumardvalarnefndarinnar verið heilbrigð en jafnvel þau „komu hraustlegri og tápmeiri heim að hausti” (1945, 10). Að vísu hefðu sumir kvartað undan „viðurværi og hirðingu barna á sveitahéimilunum og báru þeim illa söguna” en það væri undantekning að slíkar kvartanir væru réttmætar (1945, 10). Að lokum benti Kristinn Gíslason á að eldri, heilsuhraustum börnum væri hollara að vera á sveitabæjum en barnahéimilum, enda kæmu leikir og íþróttir ekki í stað raunverulegrar vinnu. Þetta sjónarmið einkenndi fyrirkomulag sumardvala barna á eftirstríðsárunum. Eins og Bragi Guðbrandsson bendir á voru eldri börn send á sveitabæi þar sem þau unnu en yngstu börnin „áttu ekki jafngreiðan aðgang að sveitadvöl. Rekstri sumardvalarheimila í sveitinni var ekki síst ætlað að leysa úr því” (2008, 260).

Þegar stríðinu lauk var sumardvalarnefndin lögð niður en ýmsir aðilar og félagasamtök önnuðust áfram rekstur sumardvalarheimila og fengu greiðslur frá viðkomandi yfirvöldum í samræmi við fjölda barna og dvalardaga á þeirra vegum eða að foreldrar greiddu fyrir dvöl barna sinna (Barnaverndarráð Íslands 1947, 1950). Í ársskýrslu Rauða kross Íslands (1949) segir t.d. frá sumardvöl barna á heimilum í þeirra rekstri sumarið 1948. Þá höfðu samtökin bætt við fimmta heimilinu vegna óvenju mikillar aðsóknar en alls dvöldu 316 börn á heimilunum, eða 90 fleiri en árið 1947. Rekstartími heimilanna var 8-10 vikur og voru börnin á aldrinum 3-9 ára af báðum kynjum. Börnin fóru öll í lækni- og sálfræðingaskoðun fyrir brottför og börn sem voru ekki bólusett við

barnaveiki fengu bólusetningu. Á árinu fóru starfsmenn RKÍ í eftirlitsferðir á öll heimilin (Rauði kross Íslands 1949).

Ársskýrslur Barnaverndarráðs (1953, 1955, 1959, 1962, 1965, 1968, 1970, 1972) gera grein fyrir stofnunum sem reka sumardvalarheimili, eftirliti með þeim og fjölda barna sem dvöldu á einstaka heimilum. Heildarfjöldi barna er ekki tiltekinn og erfitt er að átta sig á honum þar sem heimilin voru mörg, dvalartíminn mislangur og ástæður vistunar breytilegar og stundum óljósar. Ársskýrsla Barnaverndarráðs frá 1965 bendir á að fjöldi sveitaheimila sem fengu greitt fyrir að hafa fimm eða fleiri sumarbörn hafði aukist verulega og að þau flokkuðust til sumardvalarheimila. Ráðið hafði sent leiðbeiningar um slík heimili til forráðamanna barnaverndarnefnda í apríl 1961. Í leiðbeiningunum var ítrekað að það þyrfti leyfi menntamálaráðuneytisins til að reka sumardvalarheimili og að um þau gildi 35. gr. laga nr. 29/1947 um vernd barna og unglunga. Barnaverndarnefndir, eða skólanefndir í þeirra stað, skyldu hafa eftirlit með heimilunum og gæta þess að í umdæmi þeirra væru eingöngu starfrækt sumardvalarheimili sem hefðu til þess leyfi. Í ársskýrslunni voru forráðamenn barnaverndarnefnda hvattir til að hafa gott eftirlit með heimilunum enda væru húsakynni þeirra misgód sem og aðgangur að starfsfólki. Þá var þess getið að þó leiðbeiningarnar frá 1961 væru lofsverðar hafi verið samdar nýjar, ítarlegri reglur um sumardvalarheimilin og voru þær birtar í ársskýrslunni og forráðamenn barnaverndarnefnda hvattir til að fylgja þeim (Barnaverndarráð 1965). Aukin fjöldi sveitaheimila sem töldust til sumardvalarheimila var í samræmi við nýjar áherslur á minni og fjölskylduvænni stofnanir fyrir börn (Bragi Guðbrandsson 2008). Þá var ungur aldur sumra sumardvalarbornanna nokkuð áhyggjuefni, og þegar líða tók að lokum sjöunda áratugar síðustu aldar varaði Barnaverndarnefnd Reykjavíkur við því að senda yngri börn en 6-7 ára á slík heimili.

6. Sumarvinna í sveitum

Bragi Guðbrandsson telur að tímabilið 1950-1970 hafi sennilegast verið „gullaldartímabil sumardvalar barna í sveitum, sérstaklega drengja á unglingsaldri sem þóttu eftirsóknarverður vinnukraftur” (2008, 260). Hann bendir á að á eftirstriðsárnum hafi Reykjavík vaxið ört og flestir íbúar borgarinnar komið sjálfir úr sveit og „vissu af eigin reynslu að uppeldi í sveitinni var tiltölulega laust við þær freistingar sem urðu á vegi barnanna í borginni. Ekki síður var álitnið mikils um vert að börn og unglingar hefðu eitthvað gagnlegt fyrir stafni” (Bragi Guðmundsson 2008, 260).

Kannanir gefa til kynna að mjög hátt hlutfall reykvískra barna, sérstaklega drengja, hafi unnið í sveitum landsins yfir sumartímamann á sjötta og sjöunda áratug síðustu aldar. Skólaárið 1960-1961 var gerð könnun á sumarvinnu unglunga sem luku skyldunámi í Reykjavík vorið 1961, þ.e. þeirra sem urðu 14 ára á árinu (Jónas B. Jónsson 1961). Kom í ljós að tæplega 75% höfðu einhvern tíma á undanförunum árum dvalist í sveit. Könnunin sýndi að flestir unglunganna, eða 30%, unnu í sveit en um 15% voru í fiskvinnu og 12% í Vinnuskóla Reykjavíkur og að „mikill hluti þessara unglunga hefur unnið allt leyfið, t.d. flestir, sem voru í sveit” (1961, 242). Könnun Vinnuskóla Reykjavíkur á atvinnuþátttöku 12-14 ára reykvískra ungmenna árið 1962

sýnir að 54,5% 12 ára drengja var í sveit og 35,9% stúlkna á sama aldri (Ólöf Garðarsdóttir 2009, 181). Þeim fækkar þó með aldrinum og er fjöldinn 41,9% fyrir 14 ára drengi og 20,7% fyrir jafngamlar stúlkur, eða um 30% í heild sem er svipað hlutfall og í skólakönnuninni frá 1961. Kynjamunurinn eykst með auknum aldri unglínganna og það eru um tveir drengir sem hafa sumarvinnu í sveit fyrir hverja stúlk. Drengir voru mun eftirsóttari í sveitastörf en stúlkur þar sem þeir þóttu heppilegri til heyrinnu og þá sérstaklega við akstur dráttarvéla.

Dráttarvélaarslys á börnum, sérstaklega drengjum, voru mikið til umfjöllunar undir lok sjötta áratugarins og allan þann sjöunda. Undir fyrirsögninni *Eiga átta til fjórtán ára börn að aka dráttarvélum?* segir í Þjóðviljanum þann 11. mars 1958 frá umræðum á Alþingi um frumvarp til laga um að stjórnendur dráttarvéla skuli ekki vera yngri en 15 ára. Bent er á að fjórir þingmenn vildu ekki samþykka tillögurnar þar sem hún samrýmdist ekki „hagsmunum bænda“ (Þjóðviljinn 1958, 12). Deilt var um hvort setja ætti lög um lágmarksaldur þeirra sem óku dráttarvélum eða hvort það dygði að auka fræðslu um keyrslu dráttarvéla og meðferð þeirra. Tillaga um að unglíngar sem væru 14 ára og eldri mættu aka dráttarvél án ökuskírteinis „við jarðyrkju- eða heyskaparstörf utan alfaravegar“ var felld. Tillagan var endurflutt 17. nóvember 1966 og enn var deilt um ágæti hennar (Morgunblaðið 1966a 8, 25). Í sama blaði er sagt frá skýrslu um dauðaslys á dráttarvélum, en 18 slík slys höfðu átt sér stað frá árinu 1958, en samtals 17 dauðaslys við aðrar aðstæður (1966b, 32). Sex hinna látnu voru 14 ára og yngri, fjórir á aldrinum 15-20 ára og átta voru 21-50 ára. Búnaðarþing lagðist gegn tillögunni um lágmarksaldur með þeim rökum að þeir sem eldri voru hefðu ekki síður látist í dráttarvélaarslysum en þeir yngri (Tíminn 1967, 2). Tekið var fram að lagabreyting myndi skerða aðgang bænda að vinnuafli og að heppilegast væri að herða eftirlit með öryggisbúnaði og auka fræðslu um akstur dráttarvéla. U.þ.b. tveimur áratugum seinna var samþykkt í umferðarlögum nr. 50 frá 30. mars 1987 að „[e]igi þarf ökuskírteini til að stjórna dráttarvél við landbúnaðarstörf utan alfaravegar, enda sé ökumaður fullra 13 ára“.

Vélvæðing landbúnaðarins, aukin meðvitund um vinnuöryggi og hertar reglur um vinnu barna áttu m.a. sinn þátt í að eftirspurn eftir börnum í sveitavinnu minnkaði þegar líða tók að lokum 20. aldar. Könnun á vinnu reykvískra unglínga sumarið 1973 sýnir að þó sumarvinna drengja í sveit hafi minnkað verulega var hún þó enn algengasta sumarvinna þeirra sem urðu 13 ára á árinu, en hana stunduðu 27%, borið saman við 48,5% árið 1962 (Þorbjörn Broddason o. fl. 1975, 20). Alls 13% stúlkna sem fæddar voru sama ár unnu í sveit árið 1973, borið saman við 29,6% árið 1962. Svokölluð landbúnaðarstörf voru mun sjaldgæfari meðal unglínga árið 1998 en þá unnu 11-16% unglínga 13-16 ára slíka vinnu og reyndust strákar rúmlega tvisvar sinnum líklegri til þess en stúlkur og yngri börn í meira mæli en þeir sem eldri voru (Guðbjörg Linda Rafnsdóttir 1999, 42).

7. Breyttir tímar og gömul gildi

Fækkun átti sér stað í hópi þeirra barna og unglínga sem réðu sig í sumarvinnu í sveit þegar líða tók að lokum 20. aldar. Samtímis héldu barnaverndarnefndir áfram að nota

sumardvalarheimili sem úrræði fyrir skjólstæðinga sína. Við upphaf áttunda áratugar síðustu aldar tók gildi ný verkaskipting barnaverndaraðila í Reykjavík en þá fékk Félagsmálastofnun borgarinnar það hlutverk að hafa milligöngu um vistun barna. Á tímabilinu 1970-1992 voru um 140-185 börn send í sveitadvöl árlega sem úrræði á vegum stofnunarinnar og jókst fjöldinn eftir því sem leið á tímabilið (Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar: Ársskýrslur 1971-1993). Fjöldi barna sem sendur var í sveitadvöl á vegum borgarinnar á tímabilinu 1993-2003 var um 70-170 börn árlega en þeim fækkaði þegar leið á tímabilið (Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar: Ársskýrslur 1994-1997; Félagsþjónustan í Reykjavík: Ársskýrslur 1998-2003).

Björk Vilhelmsdóttir (1990) varpar áhugaverðu ljósi á framkvæmd sveitavistar á vegum Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar sem uppeldisúrræðis en á tímabilinu 1971-1989 voru um 7-10% barna sem voru skjólstæðingar stofnunarinnar settir í slíka vist. Meðallengd dvalar var rúmir tveir mánuðir árin 1987 og 1988, meðalaldur barnanna var rúmlega 9 ár og aldursdreifingin 4-15 ár. Stundum dvöldu börn skemur en um var samið. Helstu ástæður þess voru afskipti foreldra, börnin vildu ekki vera í sveitinni, andlát foreldris eða að vistforeldrar gáfust upp. Aðilar sem unnu að velferð barna sóttu um sumardvöl fyrir börnin hjá borginni og var umsóknum hafnað ef fjárhagur fjölskyldunnar þótti of góður eða að barnið var talið of erfitt fyrir sumardvöl. Við upphaf tímabilsins, þ.e. 1970, var lítið greitt fyrir sumardvöl í sveit á einkaheimilum og olli það nokkrum deilum. Eftir stofnun Landssamtaka vistforeldra náðust smám saman samningar um gjaldskrá þegar líða tók á níunda áratuginn. Stéttarsamband bænda stóð fyrir námskeiði fyrir vistforeldra 1989 og hækkaði það greiðslur til þeirra sem það sóttu. Einungis börn fátækra fengu greidda sumardvöl hjá Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar og þótti kostnaðurinn hár og var deilt um það hvort ekki mætti nýta fjármagnið betur. Niðurstaða Bjarkar Vilhelmsdóttur er að sumardvöl í sveit sé gott úrræði fyrir flest börn en hún byggir niðurstöðu sína á skráðum gögnum og spurningakönnun sem tilvísunaraðilar og vistforeldrar svöruðu.

Sú aukning sem varð á sumardvöl barna á vegum Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar á níunda áratug síðustu aldar endurspeglast í auknum fjölda sumardvalarheimila í einkarekstri í sveitum. Undir lok áratugarins stofnuðu þessir einkaaðilar Landssamtök vistforeldra í sveitum. Í viðtali við formann Félags vistforeldra á Norðurlandi vestra kemur fram að félagsmenn hafi fengið 40 þúsund krónur á mánuði fyrir hvert barn á aldrinum 6-12 ára sem dvaldi hjá þeim yfir sumartímann, en félagsmálastofnanir fengu 10% afslátt fyrir börn á þeirra vegum (Morgunblaðið 1991). Það var meginregla að vistforeldrar bæru ekki ábyrgð á fleiri en fjórum börnum og voru þeirra eigin börn meðtalin.

Eins og Björk Vilhelmsdóttir (1990) nefnir voru deilur milli barnaverndaryfirvalda og vistforeldra um greiðslur. Í fyrirspurn á Alþingi þann 18. mars 1993 benti Ingibjörg Sólrún Gísladóttir á að sumardvöl í sveit væri í auknum mæli notuð sem „barnaverndarúrræði, stundum sem fyrirbyggjandi barnaverndarúrræði, stundum líka vegna þess að börn sem eiga í vandræðum eiga hreinlega betra athvarf í sveit heldur en annars staðar”. Hún lagði áherslu á að Landssamtök vistforeldra í sveitum gerðu sitt besta til að börnunum farnaðist sem best, en

þeim finnst að það gæti ákveðinna fordóma í þeirra garð hjá mörgu borgarfólki, að það sé svona hálf í hvoru litið á þetta sem eitthvert gustukaverk bændakvenna. ... Það er auðvitað fyllilega eðlilegt að bændakonur vilji fá laun fyrir sína vinnu og greiddan útlagðan kostnað vegna annarra rétt eins og annað fólk (Alþingi 1993).

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir sagði að samskipti vistforeldra og barnaverndaryfirvalda hafi oft verið erfið og spurði hún því hæstvirtan félagsmálaráðherra um hver væri staða væntanlegrar útgáfu reglna og leiðbeininga um starfsemi vistforeldra.

Helstu breytingarnar á fyrirkomulagi sveitadvala þéttbýlisbarna sem áttu sér stað undir lok síðustu aldar endurspeglast í greinininni, *Í sveit komumst við í nán tengsl við náttúruna, en sveitadvöl er öðruvísi* sem birtist í Morgunblaðinu 28. maí 1993. Bent er á að öllum væri í reynd leyfilegt að taka börn í sveit en að nærri 200 aðilar hefðu fengið til þess sérstakt leyfi. Forsenda leyfisins var þátttaka í undirbúningsnámskeiði hjá Stéttarsambandi bænda og var leyfishöfum heimilt að taka greiðslu, 1500 krónur á sólarhring, fyrir vistun barns. Menntamálaráðuneytið gaf leyfi til að reka sumardvalarheimili með fleiri en fimm börn. Samkvæmt greinarhöfundu var því sveitadvöl barna þrenns konar: a) vinna í sveit yfir sumartímann, b) tímabundin dvöl, oft einn mánuður, á sveitabæ, og c) skipulögð námskeið í 7-10 daga. Vegna aukinnar tækni við bústörfin voru börn ekki eins eftirsótt í sveitavinnu og áður. Oftast voru ráðnir unglingar á aldrinum 12-16 ára og var starfið kynjabundið; stúlkur pössuðu börn en strákar unnu í fjósi, fjárhúsum og keyrðu dráttarvélar. Algengara var að stúlkur væru matvinnungar en strákar fengju greitt 20-30 þúsund krónur á mánuði til viðbótar við ókeypis fæði og húsnæði. Greinarhöfundur hafði rétt við húsmóður sem var hætt að taka börn í sveit eins og hún hafði gert „meðan unglingar nenntu að vinna. ... Nú væri annað uppi á teningnum og krakkar virtust aðeins vilja horfa á sjónvarp og spila tölvuleiki“ (Morgunblaðið 1993, C5).

Landssamtök vistforeldra í sveitum hafa tekið börn í sveit í rúma tvo áratugi, ýmist á vegum barnaverndaryfirvalda eða foreldra.⁴ Þann 2. desember 2006 voru samþykktar reglur fyrir samtökin og var markmiðið að verja hagsmuni félagsmanna og efla menntun þeirra, auk þess „að auðvelda þéttbýlisbúum að koma börnum sínum til sumardvalar í sveit“ og „að auðvelda langtímavistun barna sem þess þurfa með“. Markmiðum sínum hyggðust samtökin ná m.a. með því að „studla að vinsamlegum samskiptum og auknum skilningi milli þéttbýlisbúa og fólks í sveitum“ (Landssamtök vistforeldra í sveitum 2006). Í Bændablaðinu (2007, 21) er grein um starfsemi landssamtakanna þar sem lögð er áhersla á mikilvægi sveitalífsins fyrir börn „sem t.d. búa við litla ást og umhyggju, öryggisleysi, ofneyslu áfengis eða annarra vímuefna eða þurfa jafnvel að búa við andlegt og líkamlegt ofbeldi“ en aftur á móti kynnist þau í sveitinni „lífi sem er í föstum skorðum, þar sem þau eru örugg, þau fá ást og athygli og að upplífa styrkleika sína“ (2007, 21). Dýrin verði „oft þeirra bestu trúnaðarvinir og veiti börnunum skilyrðislausu ást“ og þau „nái tengingu við náttúruna sem hjálpar þeim að fá útrás, losa um hömlur og tilfinningar“ (2007, 21).

8. Umræða og lokaorð

Allt frá því að þéttbýli tók að myndast á Íslandi hafa börn verið send í sveit yfir sumarmánuðina. Á síðustu öld dvaldi fjöldi þéttbýlisbarna sumarlangt í sveitum landsins, ýmist á bændaheimilum eða sumardvalarheimilum. Frá því snemma á 20. öld sameinuðust einkaaðilar, góðgerðarstofnanir og félagasamtök um að senda börn í sveit sem annars hefðu ekki haft tækifæri á slíkri vist. Eftir hersetu Bretá voru 1940 var skipulagt átak með aðkomu ríkis og bæjar til að koma sem flestum börnum í sveit, ýmist á sumardvalarheimili eða sveitabæi, til að forða þeim frá hugsanlegum loftárásum. Á eftirstríðsárunum hélt starfsemi sumardvalarheimilanna áfram mest fyrir yngri börn og börn sem voru skjólstæðingar barnaverndarnefnda. Samtímis voru börn send til sumarvistar á sveitabæjum eða að þau sem eldri voru réðu sig í sumarvinnu. Þegar líða tók á áttunda áratuginn fækkaði börnum verulega sem réðu sig í sumarvinnu á sveitabæjum en sumardvöl var áfram eitt af úrræðum barnaverndaryfirvalda. Við lok 20. aldar hafði eðli sumardvala barna breyst í styttri dvöl sem greitt var fyrir og einkenndist í auknum mæli af tómstundastarfi með sérstakt uppeldisgildi, meðan barnaverndaryfirvöld héldu áfram að senda hluta skjólstæðinga sinna í sveitavist til lengri eða skemmri tíma.

Takmarkaðar upplýsingar liggja fyrir um fjölda barna sem var sendur í sveit á síðustu öld og þá sérstaklega þann hóp sem ekki var sendur í sveitavist fyrir milligöngu barnaverndaryfirvalda eða félagasamtaka. Heimildir gefa vísbendingu um að rétt innan við helmingur reykvískra barna hafi verið sendur í sveit á fjórða áratugnum og allt að 3/4 hafi verið í sveit á eftirstríðsárunum. Nokkur fækkun átti sér stað á síðari hluta áttunda áratugarins en þó sérstaklega þeim níunda. Aðgengileg tölfræði bendir til þess að mun fleiri drengir en stúlkur hafi verið sendir í sveit eða um tveir drengir fyrir hverja stúlku. Heimildir benda til þess að mestan hluta 20. aldar hafi verið meira framboð af börnum sem foreldrar vildu senda í sveit eða börn sem sjálf vildu fara í sveit, en eftirspurn frá sveitahæmilum sem vildu taka við þeim.

Hvers vegna varð síðurinn að senda bæjarbörn í sveit svo útbreiddur sem raun ber vitni? Sé tekið mið af rituðum heimildum er ljóst að lögð var áhersla á að sveitalífið væri heilbrigt og þroskandi fyrir öll börn, en þó sérstaklega fyrir börn sem bjuggu við erfiðar heimilisáðstæður. Sveitavist varð þannig lausn hvers kyns vanda sem fylgdi bæjarlífinu eða hrjáði einstaka fjölskyldur eða börn, svo sem fátækt, óheilmæmt umhverfi, ábyrgðarleysi foreldra, veikindi barns eða foreldris, iðjuleysi, afbrot, lauslæti eða hegðunarfandi barns. Sveitalífið var talið sérlega eftirsóknarvert vegna hinnar óspilltu náttúru landsins, hins hreina fjallalofts, kjarnmikillar fæðu, samveru við dýrin, sveitameningarinnar og möguleikans að læra til vinnu og verða matvinnungur. Þá má benda á að fram yfir miðja 20. öld komu flestir þéttbýlisbúar sjálfir úr sveit og þeir töldu það uppeldi sem þeir höfðu sjálfir alist upp við heppilegast fyrir börn sín. Í dag höfðu vistforeldrar í sveitum enn til sömu ástæðna fyrir mikilvægi sveitavistar og gert var um aldamótin 1900, þ.e. óspilltrar náttúrunnar, samskipta við dýrin og þess að lifa eðlilegu, reglubundnu fjölskyldulífi. Þá er lögð áhersla á að bæta samskipti sveitafólks og bæjarbúa og enn er rætt um greiðslufyrirkomulag fyrir sumardvalarbörn sem ekki eru matvinnungar eins og gert var við upphaf 20. aldar.

Áhersla um og eftir aldamótin 1900 á mikilvægi sveitavistar fyrir börn og þá sérstaklega þau sem bjuggu við félags-, efnahags-, eða heilsufarslega erfiðar aðstæður, var að einhverju leiti undir áhrifum hugmynda um uppeldi barna og unglinga í nágrenna- löndunum. Frá upphafi 19. aldar uxu fram í Evrópu uppeldiskenningar um hvernig fást skyldi við börn og unglinga sem bjuggu við óviðunandi aðstæður og þá sérstaklega þau sem höfðu hafið afbrotaferil í hinum sívaxandi borgum álfunnar (Dekker 2000). Góðgerðarsamtök og uppeldisfrömuðir lögðu áherslu á að fjarlægja slík börn úr borgunum og koma þeim fyrir á uppeldisstofnunum í sveitum og við lok 19. aldar bjuggu þúsundir evrópskra barna á slíkum stofnunum. Á 20. öld sóttu einstaklingar og stofnanir sem unnu að velferð barna þekkingu um barnavernd frá nágrennalöndunum (Bragi Guðbrandsson 2008). Eins áttu erlend áhrif, sérstaklega umræða um vinnu barna og réttindi þeirra, sinn þátt í að mikil fækkun varð á börnum sem fóru í sveit á sumrin undir lok 20. aldar. Aukin vélvæðing í landbúnaði og umræða um vinnu barna og vinnuöryggi þeirra skipti þar miklu máli. Þó talsmenn bænda hafi varist lögum um lágmarksaldur unglinga við akstur dráttarvéla var meðvitund um dráttarvélaslys mikil.

Lítið er vitað um reynslu þeirra sem sendir voru í sveit en þó er ljóst að hún er mjög breytileg. Raddir barna sem voru send á sumardvalarheimili eða sveitabæi heyrast ekki í skýrslum stofnana sem töldu sveitadvölinu vera lausn alls kyns vandamála. Einnig er lítið um rannsóknir á reynslu barna sem fóru í sveit að frumkvæði foreldra eða að eigin ósk. MA rannsókn Ólafar Daðeyjar Pétursdóttur (2011) er undantekning en hún byggir á viðtölum við einstaklinga sem sendu börn sín í sveit, bændum sem tóku á móti börnum og einstaklingum sem voru sendir í slíka vist á æskuárum. Það voru oftast foreldrarnir sem höfðu frumkvæðið að sveitadvölinni en einnig börnin sjálf. Flestir byrjuðu sveitadvölinu 5-8 ára og dvöldu ýmist hjá venslafólki eða vanda- lausum. Þegar börnin náðu 12-14 ára aldri fundu þau sér betur launaða vinnu eða fóru í Vinnuskólann eftir að hann var opnaður. Ástæður sem gefnar voru fyrir sveitadvölinni voru ýmist sterk hefð, ævintýramennska, uppeldissjónarmið eða efnahagsleg nauðsyn. Foreldrnum fannst mikilvægt að börn þeirra myndu læra til verka, kynnast dýrahaldi og njóta náttúrunnar. Bændur voru ýmist að leita að hjálp yfir sumartímann, félagsskap fyrir börn sín eða gerðu ættingjum og kunningum greiða með því að taka að sér börn þeirra yfir sumartímann. Þeir sem dvöldu á sveitabæjum í æsku báru sveitavistinni misjafna söguna en það var nánast öllum sameiginlegt að hafa unnið mikið. Vinnu- harkan jókst með hverju ári sem bættist við aldur þeirra og voru verkefnið kynjaskipt. Stundum var upplifunin af vinnunni jákvæð og hún talin þroskandi og sumir töldu sveitavistina hafa átt mikilvægan þátt í mótun þeirra sem einstaklinga síðar meir í lífinu. Aðrir töldu að þeir hafi verið arðrændir vegna vinnuálags, jafnvel þrældóms, og fengu fyrir engin eða lítil laun. Auk þess voru dæmi um að viðmælendur sem sendir voru í sveit hefðu verið beittir harðindum og jafnvel ofbeldi.

Síðurinn að senda börn í sveit, hvort heldur þau dvelji hjá venslafólki eða vanda- lausum, fellur undir hugtakið flutningur barns án samfylgdar foreldris eða löggilds forráðamanns (sbr. Yaqub 2009). Það var viðtekin skoðun flestra landsmanna mestan hluta 20. aldar að árstíðabundinni sveitavist barna fylgdi ávinningur fyrir samfélagið, fjölskylduna og barnið. Slíkur flutningur barns er í dag tortryggður og oft bendlaður

við mansal barna, sérstaklega þegar hann á sér stað í lágtekjulöndum. Fræðimenn hafa varað við slíkri notkun hugtaksins. Ekki sé rétt er að blanda hliðstæðum uppeldishefðum og þeim að senda börn í sveit við mansal sem er alvarlegur glæpur. Hin al-kunna upphafssetning sögunnar *The Go-Between* eftir Leslie Poles Hartley „The past is a foreign country: they do things differently there” ætti að vera þeim áminning sem eiga erfitt með að skilja hvernig íslenskir foreldrar gátu sent frá sér ung börn sín í sveit, oft til vandalausra, allt að þriðjung ársins. Fortíðin sem hér um ræðir er ekki langt undan þar sem margir þessarra foreldra eru enn á lífi og það sama á við um þá sem tóku börn í sveit. Fordæming á síðum fjarlæggra samfélaga á oft rætur í skilningsleysi á þeim aðstæðum sem skapaði þá, sérstaklega þegar viðkomandi samfélög einkennast af bágunum kjörum og jaðarstöðu. Það er því áriðandi að síðurinn að senda börn í sveit verði rannsakadur og frásagnir þeirra einstaklinga sem að honum komu á einn eða annan hátt verði skráðar. Við slíka rannsókn ber að varast hneykslan og vandlætingu á grunni ríkjandi gildismats líðandi stundar.

Aftanmálgreinar

- 1 Esther Ösp Valdimarsdóttir vann að gagnaöflun fyrir þessa grein á launum hjá Vinnumála-stofnun. Hún á þakkir skildar fyrir vel unnin störf. Ritrynum eru þakkaðar góðar ábendingar.
- 2 Gísli Ágúst Gunnlaugsson (1993) og Monika Magnúsdóttir (1998) varpa ljósi á aðstæður barna sem dvöldu fjarri foreldrum sínum til skemmri eða lengri tíma. Sjá einnig Sigurður Gylfi Magnússon (1995).
- 3 Guðmundur Hálfðánarson (1986) telur að á síðari hluta 19. aldar hafi sveitastörf verið ein af algengustu störfum barna sem bjuggu í þéttbýli.
- 4 Landssamtökin voru nýverð lögð niður og sameinuð samtökum fósturforeldra, sjá Fréttabréf maí 2011, <http://fostur.is/page/27653/>

Heimildir

- Alber, E. (2003). „Denying biological parenthood: Fosterage in Northern Benin”, *Ethnos* 68, 4, 487-506.
- Alber, E. (2004). „Grandparents as foster-parents: Transformations in foster relations between grandparents and grandchildren in Northern Benin”, *Africa* 74, 1, 28-46.
- Alþingi (1993). Fyrirspyrjandi (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir). Sótt 15. apríl 2012 á <http://www.althingi.is/altxt/116/O3/r18103832.shtml>
- Alþýðublaðið (1939). „Finnlandssöfnunin: Margir bjóðast til þess að taka finsk börn í fóstur”, 30. desember.
- Alþýðublaðið (1940). „Yfir 2000 börn í Reykjavík verða að hætta vörnami sínu”, 16. maí.
- Alþýðublaðið (1942). „Börnin úr verstu íbúðunum þurfa fyrst og fremst að komast í sveit, viðtal við Arngrím Kristjánsson”, 25. apríl.
- Anni Haugen (2004). „Beiting úrræða í barnaverndarmálum, mörkin milli stuðnings og þvingunar og ákvörðunarferlið. Hlutur Íslands í norrænni samanburðarrannsókn”, Barnaverndarstofa, Ritröð 1.
- Arngrímur Kristjánsson (1939). „Fleiri börn í sveit að sumarlagi”, *Foreldrablaðið*, 16. desember.
- Austri (1906). „Innlendar fréttir: Barnahæli í Reykjavík”, 31. janúar.
- Barnaverndarráð Íslands (1936). Skýrsla Barnaverndarráðs Íslands yfir tímabilið 1. júlí 1932 til 31. desember 1935.
- Barnaverndarráð Íslands (1941). Skýrsla Barnaverndarráðs Íslands yfir tímabilið 1. janúar 1938 til 31. desember 1939.

- Barnaverndarráð Íslands. (1943). Skýrsla Barnaverndarráðs Íslands yfir tímabilið 1. janúar 1940 til 31. desember 1942.
- Barnaverndarráð Íslands (1947). Skýrsla Barnaverndarráðs Íslands yfir tímabilið 1. janúar 1943 til 31. desember 1945.
- Barnaverndarráð Íslands (1950). Skýrsla Barnaverndarráðs Íslands yfir tímabilið 1. janúar 1946 til 31. desember 1948.
- Barnaverndarráð Íslands (1953). Skýrsla Barnaverndarráðs Íslands yfir tímabilið 1. janúar 1949 til 31. desember 1951.
- Barnaverndarráð Íslands (1955). Skýrsla Barnaverndarráðs Íslands yfir tímabilið 1. janúar 1952 til 31. desember 1954.
- Barnaverndarráð Íslands (1959). Skýrsla Barnaverndarráðs Íslands yfir tímabilið 1. janúar 1955 til 31. desember 1957.
- Barnaverndarráð Íslands (1962). Skýrsla Barnaverndarráðs Íslands yfir tímabilið 1. janúar 1958 til 31. desember 1960.
- Barnaverndarráð Íslands (1965). Skýrsla Barnaverndarráðs Íslands yfir tímabilið 1. janúar 1961 til 31. desember 1963.
- Barnaverndarráð Íslands (1968). Skýrsla Barnaverndarráðs Íslands yfir tímabilið 1. janúar 1964 til 31. desember 1966.
- Barnaverndarráð Íslands (1970). Skýrsla Barnaverndarráðs Íslands yfir tímabilið 1. janúar 1967 til 31. desember 1968.
- Barnaverndarráð Íslands (1972). Skýrsla Barnaverndarráðs Íslands yfir tímabilið 1. janúar 1969 til 31. desember 1970.
- Bjarni Guðmarsson og Hrafn Jökulsson (1989). Ástandið. Reykjavík: Tákn bókaútgáfa.
- Björk Vilhelmsdóttir (1990). Sumardvöl barna í sveit sem uppeldisúrræði. B.A. ritgerð í uppeldisfræði, Háskóli Íslands.
- Bledsoe, C. og Isiugo-Abanihe, U. (1989). „Strategies of child-fosterage in Sierra Leone”, í R. J. Lesthaeghe (ritstj.), *Reproduction and Social Organization in sub-Saharan Africa*. Berkeley/Los Angeles: University of California Press.
- Bourdillon, M., Levison, D., Myers, W. E. og White, B. (2010). *Rights and Wrongs of Children's Work*. N.J.: Rutgers University Press.
- Bragi Guðbrandsson (2008). „Barnavernd og uppeldisstofnanir – Saga stofnana fyrir börn og samfélagsbreytingar um miðja 20. öld” [Fylgiskjal nr. 2], í *Forsætisráðuneytið, Könnun á starfsemi Breiðavíkurheimilisins 1952-1979*. Skýrsla nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007. Reykjavík: Forsætisráðuneytið.
- Bændablaðið (2007). „Börn í sveit”, 30. janúar.
- Dekker, J.J.H. (2000). „The century of the child revisited”, *The International Journal Children's Rights* 8, 133-150.
- Dottridge, M. (2008). *Kids abroad: Ignore them, abuse them or protect them? Lessons on how to protect children on the move from being exploited*. Terre des Hommes International Federation.
- Ennew, J. (2002). „Future generations and global standards: children's rights at the start of the millennium”, í J. MacClancy (ritstj.), *Exotic No More. Anthropology on the Front Lines*. Chicago: University of Chicago Press.
- Fjallkonan (1903). „Sumarvistir Reykjavíkurbarna í sveit”, 3. febrúar.
- Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar: Ársskýrslur 1971-1997.
- Félagsþjónustan í Reykjavík: Ársskýrslur 1998-2003.
- Forsætisráðuneytið (2008). *Könnun á starfsemi Breiðavíkurheimilisins 1952-1979*. Skýrsla nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007. Reykjavík: Forsætisráðuneytið.
- Gils Guðmundsson, Ritstj. (1951). *Öldin okkar 1931-1950*. Reykjavík: Iðunn.
- Gísli Ágúst Gunnlaugsson (1993). „Everyone's Been Good to Me, Especially the Dogs' Foster-Children and Young Paupers in Nineteenth-Century Southern-Iceland”, *Journal of Social History* 27, 2, 341-358.

- Goody, E. (1982). *Parenthood and Social Reproduction: Fostering and Occupational Roles in West Africa*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Gozdziaik, E.M. (2010). „Identifying child victims of trafficking: Toward solutions and resolutions”, *Criminology and Public Policy* 9, 2, 245-256.
- Guðbjörg Linda Rafnsdóttir (1999). *Barn- og ungdomsarbeiti í Norden*: Nord 1999, 23.
- Guðjón Friðriksson (1991). *Bærinn vaknar. Saga Reykjavíkur 1870-1940* (fyrri bindi). Reykjavík: Íðunn.
- Guðjón Friðriksson (1994). *Bærinn vaknar. Saga Reykjavíkur 1870-1940* (seinna bindi). Reykjavík: Íðunn.
- Guðmundur Hálfánarson (1986). „Börn – höfuðstóll fátækingsins?“, í Helgi Þorláksson og Sigurður Ragnarsson (ritstj.), *Saga, tímarit Sögufélagsins*. Reykjavík: Sögufélagið.
- Hashim, I. (2006). *The Positives and Negatives of Children's Independent Migration: Assessing the Evidence and the Debates*. Brighton: University of Sussex.
- Hashim, I. og Thorsen, D. (2011). *Child Migration in Africa*. Uppsala/London: Nordiska Afrikainstitutet/Zed Books.
- Helgi Hjörvar (1928). „Vandræðabörn II. Erindi flutt á kennaraþingi sumarið 1928”, *Menntamál* 4, 3, 41-47.
- Helgi Skúli Kjartansson (2002). *Ísland á 20. öld*. Reykjavík: Sögufélagið.
- Howard, N. (2011). „Is 'child placement' trafficking?: Questioning the validity of an accepted discourse”, *Anthropology Today* 27, 6, 3-7.
- Huijsmans, R. (2011). „Child Migration and Questions of Agency”, *Development & Change* 42, 5, 1307-1321.
- Ísafold (1899). „Unglingafélagsskapurinn kristilegi”, 13. desember.
- Ísafold (1903). „Sumarvistir kaupstaðarbarna í sveit”, 7. febrúar.
- Jónas B. Jónsson (1961). „Tómstundir og tómstundaiðja íslenzkra ungmenna. Erindi flutt á 18. norræna kennaraþinginu í Khöfn 1961”, *Menntamál*, 237-244.
- Jónína Einarsdóttir, Hamadou Boiro, Gunnlaugur Geirsson og Geir Gunnlaugsson (2010). *Child Trafficking in Guinea-Bissau: An Explorative Study*. Reykjavík/Bissau: Unicef.
- Kona í Rvík. (12.4.1982) „Mæður og uppeldi”, *Fjallkonan*, 12. apríl.
- Kristinn Gíslason (1945). „Sumardvöl barna í sveitum”, *Foreldrablaðið* 1, 9, 10-14.
- Landssamtök vistforeldra í sveitum (2006). *Samþykktir fyrir Landssamtök vistforeldra í sveitum*. Sótt 15. apríl 2012 á <http://www.bondi.is/Pages/280>
- Ljósberinn (1923). „Dreifingin”, 2. júní.
- Loff, B., og Sanghera, J. (2004). „Distortions and difficulties in data for trafficking”, *The Lancet* 363, 9408, 566.
- Mínjasafn Reykjavíkur (2008). *Konur í borgarstjórn 1908-2008: Börnin í bænum*. Sótt 24. maí 2012 á <http://www.minjasafnreykjavikur.is/desktopdefault.aspx/tabid-2829/>
- Morgunblaðið (1924a). „Sendið börn í sveit”, 10. maí.
- Morgunblaðið (1924b). „Börn í sveit”, 17. júní.
- Morgunblaðið (1924c). „Börn í sveit”, 24. júní.
- Morgunblaðið (1966a). „Dráttarvéslaslys orðin uggvænlega mörg - frá umræðum í neðri deild”, 18. nóvember.
- Morgunblaðið (1966b). „18 banaslys á dráttarvélum á níu árum”, 18. nóvember.
- Morgunblaðið (1991). „Vistforeldrar”, 1. desember.
- Morgunblaðið (1993). „Í sveit komumst við í nán tengsl við náttúruna, en sveitadvöl er öðruvísi”, 28. maí.
- Ólöf Daðey Pétursdóttir (2011). *There are no Sundays on the farm: A study on the Icelandic tradition of sending children to farms during the summer*. MA ritgerði í þróunarfræðum, Félags- og mannvísindadeild, Háskóli Íslands.
- Ólöf Garðarsdóttir. (2009). „Working and going to school: Childhood experiences in post-war Reykjavík”, *Barn* 3-4, 173-185.

- Ómar H. Kristmundsson og Steinunn Hrafnadóttir (2011). „Félagasamtök og sjálfseignarstofnanir sem starfa að velferðarmálum á Íslandi”, *Stjórnmál & Stjórnsýsla* 2, 7, 445-463.
- Rauði kross Íslands (1939). *Ársskýrsla* 1939.
- Rauði kross Íslands (1949). *Ársskýrsla Rauða kross Íslands*, apríl 1948 til apríl 1949.
- Schober, E. (2007). „Trafficking—what is that?”, *European Journal of Anthropology* 49, 124-128.
- Sigurður Gylfi Magnússon (1995). From children's point of view: Childhood in nineteenth-century Iceland. *Journal of Social History*, 29, 2), 295 - 340.
- Símon Jóh. Ágústsson (1942). „Barnavernd“. *Félagsmál á Íslandi*. Reykjavík. Ritroð: Saga Alþingis IV, Reykjavík 1956.
- Swanson, K. (2010). *Begging as a path to progress: indigenous women and children and the struggle for Ecuador's urban spaces*. Athens: University of Georgia Press.
- Tíminn (1967). „Ástæðulaust er að setja aldurstakmark vegna dráttarvélaaksturs”, 25. febrúar.
- UN (2000). Protocol to prevent, suppress and punish trafficking in persons especially women and children, supplementing the United Nations convention against transnational organized crime. Sótt 14. apríl 2012 á <http://www2.ohchr.org/english/law/protocoltraff.htm>
- UNICEF Innocenti Research Centre (2011). *Child trafficking in the Nordic countries: Rethinking strategies and national responses. A technical report*. Florence: UNICEF.
- Verhoef, H. (2005). „‘A child has many mothers’: Views of child fostering in northwestern Cameroon”, *Childhood*, 12, 3, 369-390.
- Verkamaðurinn (1940). „Fleiri börn í sveit”, 29. júní.
- Verkamaðurinn (1941). „Öll börn í sveit sem allra fyrst”, 26. apríl.
- Verkamaðurinn (1940). „Fleiri börn í sveit”, 29. júní.
- Verkamaðurinn (1941). „Öll börn í sveit sem allra fyrst”, 26. apríl.
- Vísir (1937). „Bæjarfréttir: Hlutavelta”, 29. maí.
- X (1892). „Göngulýðurinn og mæðurnar”, *Reykvíkingur*, 1. apríl.
- Þjóðviljinn (1958). „Eiga átta til fjórtán ára börn að aka dráttarvélum?”, 11. mars
- Þorbjörn Broddason, Ásdís Skúladóttir, Ingibjörg Guðmundsdóttir, Smári Geirsson og Stefanía Traustadóttir (1975). *Um launavinnu reykviskra unglinga: Könnun gerð við námsbraut í almennum þjóðfélagsfræðum*. Reykjavík: Háskóli Íslands og Reykjavíkurborg.